

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 17. mars 2023  
UST202303-142/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Umsögn - Framkvæmdaleyfi – Árbæjarvegur (271) Árbakki – Bjallavegur – Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breytingar, styrkingu og endurmótun á Árbæjarvegi (271) í Rangárþingi ytra.

Verkið felst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar, sem er að jafnaði um 6 metra breiður, í 6,5 metra breiðan veg með 6,3 metra breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 sm breiðum malar öxlum. Einnig þarf að endurnýja flest ræsi í veginum. Færa þarf nokkrar vegtengingar og á kafla hliðrast vegurinn allur og er þar um alveg nýjan veg að ræða.

#### **Votlendi**

Á korti liggur vegurinn frá stöð 6600- 7000 um votlendi og fer vegurinn milli tveggja tjarna, en vötnin á svæðinu falla undir sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að mati Umhverfisstofnunar getur vegagerðin valdið fyrirstöðu og þurrkahrifum og þar af leiðandi raskað vötnunum.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Eins og gert er hér þá er skylt að afla framkvæmdaleyfis vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.

Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af

mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Mótvægisáðgerðir**

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að haga framkvæmdum þannig að þær raski ekki votlendinu og sett séu skilyrði um endurheimt votlendis, eins og fjallað er um að ofan. Ef landeigandi telur ekki not fyrir aflagða hluta vegarins ætti að afmá þann kafla.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Björn Stefánsson

***sérfræðingur***